FUNDARGERÐ 536. FUNDAR STJÓRNAR SORPU bs.

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 21. október 2026. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík, og fjarfundur.

Fundarstjóri: Hrannar Bragi Eyjólfsson.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Andri Steinn Hilmarsson í forföllum Hjördísar Ýr Johnson, Björn Jóhannsson, Hrannar Bragi Eyjólfsson, Jana Katrín Knútsdóttir, Sigrún Ásta Einarsdóttir, og Viktor Pétur Finnsson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fund.

Til fundarins er boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar, og er því ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Skipulag SORPU

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir breytingum á skipulagi SORPU bs. og Álfsness ehf.

2. Málefni endurvinnslustöðva

Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri samskipta- og þjónustusviðs gera grein fyrir fjórum málum er varða rekstur endurvinnslustöðva SORPU.

2.1. Framkvæmdastjóri leggur fram erindisbréf fyrir starfshóp sem er ætlað að vinna áfram niðurstöðu skýrslunnar sem lögð var fram á fundi stjórnar þann 16. september 2026.

Stjórn samþykkir erindisbréfið og felur framkvæmdastjóra að skipa hópinn á grundvelli þess.

Erindisbréfið fylgir fundargerð.

2.2. Sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs kynnir uppsögn Endurvinnslunnar hf. á samningi um rekstur móttöku fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir á endurvinnslustöðinni við Breiðhellu. Uppsögnin var afhent SORPU 30. september, og hafa stjórnendur SORPU og Endurvinnslunnar komist að samkomulagi um að starfsemi Endurvinnslunnar á Breiðhellu loki þann 31. desember 2026.

Stjórn SORPU felur framkvæmdastjóra að óska eftir samtali við stjórn Endurvinnslunnar hf. um framtíðarsýn fyrirtækisins um það hvernig standa eigi að söfnun á skilagjaldsskyldum umbúðum á höfuðborgarsvæðinu.

2.3. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs gera grein fyrir stöðu endurvinnslustöðvar við Glaðheima.

2.4. Framkvæmdastjóri óskar eftir heimild stjórnar til að undirrita afsal um lóðina þar sem endurvinnslustöðin við Sævarhöfða 21 stóð áður. Reykjavíkurborg og SORPA skiptust á lóðum með samningi þann 10. maí 2022, þar sem borgin lét SORPU í té lóðina við Lambhagaveg 14 í skiptum fyrir lóðina við Sævarhöfða. Undirritun afsalsins er lokahnykkurinn í lóðaskiptunum.

Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að undirrita afsal fyrir lóðina við Sævarhöfða 21.

3. Málefni Undirbúningsfélags um byggingu hátæknibrennslu

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir starfsemi félags um uppbyggingu á hátæknibrennslu.

Framkvæmdastjóri vekur athygli stjórnar á fundi FENÚR þann 30. október nk., þar sem málefni hátæknibrennslu eru til umfjöllunar.

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir aðkomu SORPU að vinnustofu með Orkuveitu Reykjavíkur þar sem uppbygging á hátæknibrennslu hefur verið til skoðunar.

4. Íbúafundur í Mosfellsbæ

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir fundi sem stjórnendur SORPU áttu með íbúum Mosfellsbæjar að kvöldi 20. október sl., þar sem rætt var um lyktarkvartanir vegna starfsemi SORPU í Álfsnesi.

Stjórn SORPU bókar:

„Stjórn tekur alvarlega þær lyktarkvartanir sem hafa komið frá íbúum í Mosfellsbæ. Ónæði af starfsemi SORPU á nærumhverfi verður að halda í algjöru lágmarki og mikilvægt að stjórnendur SORPU bregðist við af festu til að koma í veg fyrir ónæði af lykt frá Álfsnesi.“

5. Önnur mál og frágangur fundargerðar

Fundargerð lesin og samþykkt.

Næsti fundur

Næsti reglulegi fundur stjórnar er boðaður 18. nóvember 2026 klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:21.

Undirritunarsíða

Viktor Pétur Finnsson

Undirritað af:
Viktor Pétur Finnsson
2610992339
Dags: 22.10.2026
Tími: 16:36:49
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 056db58e-8c03-442b-b203-79ecfa11656e

Jana Katrín Knútsdóttir

Undirritað af:
Jana Katrín Knútsdóttir
0310862649
Dags: 21.10.2026
Tími: 13:33:32
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 056db58e-8c03-442b-b203-79ecfa11656e

Björn Jóhannesson

Undirritað af:
Björn Jóhannesson
0402733959
Dags: 21.10.2026
Tími: 10:20:47
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 056db58e-8c03-442b-b203-79ecfa11656e

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Undirritað af:
Hrannar Bragi Eyjólfsson
2512952049
Dags: 21.10.2026
Tími: 11:14:37
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 056db58e-8c03-442b-b203-79ecfa11656e

Sigrún Ásta Einarsdóttir

Undirritað af:
Sigrún Ásta Einarsdóttir
0809804859
Dags: 21.10.2026
Tími: 13:11:54
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 056db58e-8c03-442b-b203-79ecfa11656e

Andri Steinn Hilmarsson

Undirritað af:
Andri Steinn Hilmarsson
1307932239
Dags: 22.10.2026
Tími: 10:24:41
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 056db58e-8c03-442b-b203-79ecfa11656e